

Alþingi
Erindi nr. P 122/1987
komudagur 24.4.198



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Sjávarútvegsnefnd Alþingis,
b.t. Nefndanefndar Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Rvík 21. apríl 1998


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að þau skip sem stunduðu síldveiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árunum 1995, 1996 og 1997 eða komið hafa í þeirra stað fái heimild til veiða. Aflarétturinn skiptist þannig að 90% af leyfilegum afla skiptist þannig, 60% eftir stærð en 40% jafnt. Afganginum, allt að 10% af heildarmagni, hefur sjávarútvegsráðherra heimild til þess að ráðstafa til annarra skipa samkvæmt reglum þar um sem hann setur. Um framsal gilda þær reglur að innan hvers árs er heimilt að framselja sem nemur 50% af sama hlutfalli heildarveiðiheimilda og nam hlutdeild sama skips í heildarafla síðustu þriggja síldarvertíða.

Ráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd framsalsins. Einnig getur ráðherra sett sérstakar reglur um úthlutun á takmörkuðu magni sem íslenskum skipum verður heimilt að veiða innan lögsögu annarra ríkja. Þá getur ráðherra ákveðið að endurúthlutun afla fari fram innan ákveðinna tímamarka, sýnist það nauðsynlegt, til þess að heildarkvótinn náist á viðkomandi veiðitímabili.

Frumvarp þetta, verði það að lögum, skal gilda út árið 2000 en sjávarútvegsráðherra er skylt að leggja fram frumvarp í nóvember árið 2000 sem kveði á um framtíðarskipan þessara mála.

Vélstjórafélag Íslands setur ekki fram tillögur til efnisbreytinga á frumvarpinu. Auðvitað hefði verið betra að bein fyrirmæli væru sett fram um fleiri efnisþætti frumvarpsins en gert er, en nokkuð er um reglugerðarákvæði sem ráðherra setur, en þá er einnig til þess að taka að umgjörð þessara veiða er ekki fullmótuð og því ekki óeðilegt að nokkur sveigjanleiki gildi um stjórnun veiðanna innan þessa afmarkaða tímabils.

Virðingarfyllt
f.h. Vélstjórafélags Íslands

Helgi Laxdal formaður.